

13. Fundargerð

Fundarstaður : Kirkjuholti

Fundardagur : 7.júní 2021

Ritari: Sigrún Hrefna Arnardóttir

Fundarmenn: Sigrún Hrefna Arnardóttir

Halla Reynisdóttir

Rúnar Magnússon

1. Efni fundar, þar sem Fjör í Flóa hátíðinni var frestað til næsta árs vegna slæmrar stöðu Covid 19 í maí var hugmynd að halda fjölskyldu dag í lok ágúst ef staðan í þjóðfélaginu væri betri, bólusetningar ganga orðið vel og allt horfir til betri vegar.
2. Ákveðið var að festa dag og var 28.ágúst fyrir valinu, Þingborg er laus þennan dag og búið að bóka. Rætt var um barnaskemmtun, grill, kvöldvöku. Menningarnefnd ákveður að hittast innan tveggja vikna og leggja drög að plani fyrir hátíðardag.
3. Menningarverðlaun Flóahrepps voru rædd og tvær umsóknir hafa borist fyrir árið 2021. Umsækjendur voru Flóamannabók og Íslenski bærinn.
Menningarnefnd skilar inn umsögn að beiðni sveitastjórnar Flóahrepps.
Menningarnefnd fær umsögn frá SASS og er sammála að upplýsingar um kostnaðarliði séu ófullnægjandi og einnig vantar kostnaðaráætlun til næstu ára frá báðum umsækjendum. Þar af leiðandi sér menningarnefndin sér ekki fært að mæla með styrkveitingum að svo komnu máli. Menningarnefndin telur bæði þessi verkefni verð þess að fá styrki en vinnubrögð við umsóknirnar eru ámælisverðar.

Sigrún Hrefna Arnardóttir

Rúnar Magnússon

Halla Reynisdóttir